

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Hörgársveitar eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

Hlaðir.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi í landi Hlaða, L152500, sem tók gildi 20. janúar 2010, vegna nýbyggingar tæknifjóss. Deiliskipulagsreiturinn er stækkaður úr 4.875 m² í 8.716 m² vegna nýbyggingar tæknifjóss fyrir 1-2 róbóta ásamt tilheyrandi búnaði. Fjósbyggingin verður um 1.000-2.000 m² að stærð og verður staðsett vestan við núverandi byggingar.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. apríl 2026.

Bárulundur (áður Ytri-Bakki).

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Ytri-Bakka, ferðaþjónustu (núverandi heiti landeignarinnar er Bárulundur, L229102), sem tók gildi 26. júní 2019. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að bætt er við 900 m² lóð fyrir íbúðarhús innan spildu E og rétt norðan við mörk spildu D. Innan lóðarinnar er skilgreindur byggingarreitur (B-7) þar sem heimilt er að byggja íbúðarhús á einni hæð með byggingarmagni allt að 200 m². Byggingin skal vera með mænispaki, vegghæð að hámarki 3,0 m og mænishæð að hámarki 5,0 m yfir gólfkóta. Gert er ráð fyrir að bílastæði íbúðarhússins verði við núverandi bílastæði Bárulundar sem er stækkað en frá bílastæðinu verður göngustígur að lóðinni. Hreinsivirki fráveitu verður austan við lóðina og skal aðgengi vera þannig að auðvelt sé fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits. Kerfið skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Frágangur hreinsivirkis og siturlagna skal vera vandaður þannig að engin mengun stafi af. Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulagsins sem öðlaðist gildi 26. júní 2019.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. apríl 2026.

Skógarhlíð 35.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Lónsbakka sem tók gildi 12. desember 2017 með síðari breytingum. Deiliskipulagsbreytingin nær til lóðarinnar Skógarhlíðar 35, L179890, og felst í því að lóðin stækkar til norðurs um u.þ.b. 4,6 m inn á óbyggt svæði sem er að mestu órækt. Lóðin er samkvæmt gildandi deiliskipulagi 960 m² (mæld stærð er 955,9 m² skv. HMS) en við breytinguna stækkar hún upp í 1.092 m². Breytingin er til komin vegna áforma lóðarhafa um að stækka grasflöt til norðurs og rækta svæðið upp. Fyrir utan þessar breytingar gildir áfram greinargerð deiliskipulagsins sem tók gildi 12. desember 2017 með síðari breytingum.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. maí 2026.

Sólgarður.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Hjalteyrar sem tók gildi 18. júní 2018 með síðari breytingum. Deiliskipulagsbreytingin nær til lóðarinnar Sólgarðs, L152369, og felst í því að skilgreindur er byggingarreitur innan lóðarinnar en í gildandi deiliskipulagi er aðeins sýnd núverandi bygging innan lóðarinnar. Byggingarreiturinn nær yfir núverandi byggingu ásamt fyrirhugaðri viðbyggingu til austurs auk möguleika á stækkun forstofu til vesturs. Núverandi bygging er einbýlishús á tveimur hæðum og er

heildarbyggingarmagn núverandi byggingar 173 m². Heimilt verður að byggja við núverandi byggingu innan byggingarreits og verður hámarksbyggingarmagn allt að 230 m². Einnig er sú breyting gerð að skilgreind eru tvö bílastæði innan lóðarinnar en núverandi aðstæður eru þannig að bílastæði eru handan götunnar. Heimilt verður að byggja framlóð upp í götuhæð til að koma fyrir bílastæðum og bæta aðgengi að húsinu. Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulagsins sem öðlaðist gildi 18. júní 2018 með síðari breytingum.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. maí 2026.

Ofangreindar tillögur hafa hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 13. júlí 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 29. júlí 2026